

242. fundur Skólanefndar FS

5. september 2000



Mættir: Pétur Brynjarsson, Ingimundur Þ. Guðnason,
Guðbjörg Ingimundardóttir, áheyrnarfulltrúarnir Ívar Valbergsson og
Hilma Sigurðardóttir og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Pétur Brynjarsson setti fund og bauð nýja fulltrúa kennara og nemenda velkomna. Síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Upphaf haustannar.
 2. Samstarf við grunnskóla á Suðurnesjum.
 3. Húsnæðismál
 4. Önnur mál.

1. Upphaf haustannar.

Skólameistari sagði frá upphafi haustannar. Nemendur í dagskóla eru skráðir 754 og rúmlega 260 í öldungadeild. Skólameistari sagði einnig frá breytingum á starfsliði en erfiðlega reyndist að fá kennara til starfa og þurfti m.a. að fresta áföngum í raungreinum. Dagatal haustannar kynnt og dreift til fundarmanna.

2. Samstarf við grunnskóla á Suðurnesjum.

Skólameistari sagði frá þjónustu við nemendur grunnskóla sem taka framhaldsskólaáfang. Þessi kennsla fer nú fram hér í skólanum í ensku og stærðfræði.

3. Húsnæðismál.

Skólameistari sagði frá fundi hans, formanns skólanefndar og fulltrúa sveitarfélaga á Suðurnesjum með menntamálaráðherra. Þar var ákveðið að skipa nefnd til að ræða greiðslufyrirkomulag, kostnaðarskiptingu o.þ.h. og meta þarfir varðandi húsnæði skólans.

4. Önnur mál.

- a) Skólameistari og fulltrúi nemenda sögðu frá busadegi sem tókst mjög vel. Busaball var um kvöldið og þurfti að stöðva það vegna óláta. Verið er að skoða hvað fór úrskeiðis til að hægt sé að taka á málinu á viðeigandi hátt.

- b) Skólameistari sagði frá ráðstefnu um símenntun á Suðurnesjum þar sem menntamálaráðherra o.fl. fóru fögrum orðum um stöðu símenntunar á svæðinu og hlut Fjölbautaskólans í henni.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari

Dagatal haustannar 2000

Ágúst		September		Október		Nóvember		Desember	
1		1	Busadagur - vuss	1S		1		1	Deildarfundur
2		2L		2		2	11. vika	2L	
3		3S		3		3	Vinnufundur - vuss	3S	
4		4		4	7. vika	4L		4	Próf
5L		5		5		5S		5	Próf
6S		6	3. vika	6	Sviðsfundur	6		6	Próf
7		7		7L		7		7	Próf
8		8	Sviðsfundur	8S		8		8	Próf
9		9L		9		9	12. vika	9L	
10		10S		10		10	Sviðsfundur	10S	
11		11		11	8. vika	11L		11	Próf
12L		12		12		12S		12	Próf
13S		13	4. vika	13	Vetrarfrí	13		13	Próf
14		14		14L		14		14	Próf
15		15	Deildarfundur	15S		15		15	Sjúkrapróf
16		16L		16	Haustfrí	16	13. vika	16L	
17		17S		17		17	Vinnufundur - vuss	17S	
18		18		18		18L	Stoðdagur	18	Prófsýni
19L		19		19	9. vika	19S		19	
20S		20	5. vika	20	Kennarafundur	20		20	Útskrift
21	Sóknardagur	21		21L		21		21	
22	Töfluafh/sóknard	22	Kennarafundur	22S		22		22	
23	Fyrsti kennsludagur	23L		23		23	14. vika	23L	Þorláksmessa
24		24S		24		24	Kennarafundur	24S	Aðfangadagur
25	Vinnufundur - vuss	25		25		25L		25	Jóladagur
26L		26		26	10. vika	26S		26	Annar í jölum
27S		27	6. vika	27	Vinnufundur - vuss	27		27	
28		28		28L		28		28	
29		29	Vinnufundur - vuss	29S		29		29	
30	2. vika	30L		30		30		30L	
31				31				31S	Gamlársdagur

Skóli	STÆ	ENS
Gerðaskóli	8	3
Njarðvíkurskóli	6	3
Holtaskóli	6	0
Heiðarskóli	16	18
Myllubakkaskóli	5	4
Stóruvoga skóli	5	5
Heildarfjöldi	46	33


Áritun stjórnar og fjármálastjóra


Skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurnesja, formaður og varaformaður skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja sem skipa stjórn Skólasjóðs Fjölbrautaskóla Suðurnesja og fjármálastjóri Fjölbrautaskóla Suðurnesja, vörsluaðili sjóðsins, allir tilnefndir skv. skipulagsskrá sjóðsins dags. 18. mars 1993 staðfesta hér með ársreikning Skólasjóðs Fjölbrautaskóla Suðurnesja árið 1999 með undirritun sinni.

Keflavík, 5. júní 2000

formaður skólanefndar

varaformaður skólanefndar


skólameistari


fjármálastjóri

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Skólasjóðs Fjölbrautaskóla Suðurnesja


Við höfum endurskoðað ársreikning Skólasjóðs Fjölbrautaskóla Suðurnesja fyrir árið 1999. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum skólasjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin felur í sér athuganir á gögnum með úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Skólasjóðs Fjölbrautaskóla Suðurnesja á árinu 1999 og efnahag þess 31. desember 1999, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Keflavík, 5. júní 2000

Deloitte & Touche hf.


Guðmundur Kjartansson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 1999

	Skýr.	1999	1998
Rekstrartekjur			
Skólasjóðsgjöld nemenda		1.001.000	1.055.000
Styrkur rekstrarsjóðs vegna vélahermis		0	800.000
Aðrar tekjur		225.900	0
		<u>1.226.900</u>	<u>1.855.000</u>
Rekstrargjöld			
Laun og tengd gjöld		1.019.608	620.732
Aðkeypt þjónusta		12.139	189.673
Annar rekstrarkostnaður		781.308	617.312
		<u>1.813.055</u>	<u>1.427.717</u>
Hagnaður (tap) fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		(586.155)	427.283
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur		445.058	437.788
Fjármagnsskattar		(44.505)	(43.778)
Fjármagnsgjöld		(8.426)	0
		<u>392.127</u>	<u>394.010</u>
Hagnaður (tap)		<u>(194.028)</u>	<u>821.293</u>

Efnahagsreikningur

Eignir			
	Skýr.	31. 12. 1999	31. 12. 1998
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur			
Viðskiptakröfur		205.000	26.500
		<u>205.000</u>	<u>26.500</u>
Handbært fé			
Bankainnstæður		9.245.813	9.976.979
		<u>9.245.813</u>	<u>9.976.979</u>
Veltufjármunir		<u>9.450.813</u>	<u>10.003.479</u>
Eignir		<u>9.450.813</u>	<u>10.003.479</u>

31. desember 1999

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	31. 12. 1999	31. 12. 1998
Eigið fé			
Stofnsjóður		427.000	427.000
Óráðstafað eigið fé		<u>8.990.257</u>	<u>9.184.285</u>
Eigið fé		<u>9.417.257</u>	<u>9.611.285</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		<u>33.556</u>	<u>392.194</u>
		<u>33.556</u>	<u>392.194</u>
Skuldir og skuldbindingar		<u>33.556</u>	<u>392.194</u>
Eigið fé og skuldir		<u><u>9.450.813</u></u>	<u><u>10.003.479</u></u>



Suðurnesjum 20. maí 2000.

Samband Sveitarfélaga á Suðurnesjum,

Í samræmi við niðurstöðu fundar byggingarnefndar Fjölbautaskóla Suðurnesja og stjórnar Sambands Sveitarfélaga á Suðurnesjum leggjum við fram eftirfarandi kostnaðaráætlun miðað við 3000m² viðbyggingu við Fjölbautaskóla Suðurnesja.

Samkvæmt reglum ríkisins er normkostnaður bygginga um 105 þúsund. Við það bætist kostnaður vegna búnaðar og frágangur lóðar og fer þá kostnaður upp í 140 þúsund pr. fermetra. Framlag ríkisins miðast við fasta krónutölu og skiptist kostnaður þannig að sveitarfélög greiða 40% og ríki 60%.

Ef tekið er mið af 3000 m² viðbyggingu má ætla að kostnaður verði um 315 milljónir (105 þ. pr. m²), en 420 milljónir króna með öllum búnaði (140 þ. pr. m²). Skipting kostnaðar milli sveitarfélaga er þá samkvæmt viðmiðunartölu frá 1999:

Sveitarfélag	hlutfall	kr.
Reykjanesbær	66,28	111.350.400
Grindavík	13,57	22.797.600
Sandgerði	8,36	14.044.800
Garður	7,27	12.213.600
Vogar	4,52	7.593.600

Sveitarfélög samtals kr. 168 milljónir
Ríkissjóður samtals kr. 252 milljónir

Gera má ráð fyrir breytingum og endurnýjun eldri hluta húsnæðis í tengslum við viðbyggingu. Skipting kostnaðar vegna slíkra breytinga er samningsatriði. Ríkissjóður greiðir þó ætíð hærra hlutfall þess kostnaðar, enda fellur hluti framkvæmda undir eðilegt viðhald.

Rétt er að vekja athygli sveitarstjórnarmanna á því að þegar síðast var byggt reyndist kostnaður sveitarfélaganna ver rétt um 25% og verður reynt að fara svipaðar leiðir að þessu sinni. Þá er einnig vert að skoða aðrar leiðir til fjármögnunar, svo sem með langtíma leigusamningi eins og gert var við byggingu Iðnskólans í Hafnarfirði nýlega.

Óskað er eftir því við sveitarstjórnir á Suðurnesjum að þær óski eftir samningi við ríkissjóð um stækkun skólans.

Virðingarfyllst,
Fh. Byggingarnefndar,

Ólafur Jón Arnbjörnsson,
Skólameistari.

Samantekt yfir húsnæðisþörf Fjölbautaskóla Suðurnesja.

Húsnæði skólans í dag er um 5.600m² auk leiguhúsnæðis ca. 80m² sem gefur meðal fermetrafjölda pr. nemanda um 7-7,2 m² (þá eru ekki taldir með nemendur öldungadeildir sem eru um 270). Norm miðað við skóla af þessari gerð er um 11-13m² (s.b Selfoss og VMA).

Rými sem þarf að bæta við

1) Almennigur: ca. 700 m²

Rými sem bæði þjónar sem biðsalur og kaffistofa og tengir saman byggingar skólans – gera má ráð fyrir sæti fyrir ekki færri en 300 nemendur.

Lítið svið

Gera þarf ráð fyrir aðalinngangur í skólann verði um almenning og þaðan frá þarf að vera greið leið að skrifstofum/þjónustu og bókasafni.

Ef ekki er gert ráð fyrir mótuneyti í “Almenningi” þarf að gera ráð fyrir **200m²** stækkun núverandi aðstöðu.

Ath. Aðstaðn í dag er alsendis óviðunandi þar sem nemdum er vísað á þrönga ganga og skot.

2) Lesherbergi nemenda: 200m²

3) Félagsaðstaða nemenda:

Hópvinnuherbergi x 3 x 20 m² = 60m²

Fundaherbergi og aðstaða stjórnar = 30m²

Alls 90m²

Ath. Lítil sem engin aðstaða er vegna félagsstarfs nemenda utan 12m skrifstofuaðstöðu.

4) Fyrirlestrasalur/Sýningarsalur og aðstaða til fjarkennslu: 200m² + (svið og geymslur)

Taka um 100 í sæti

Hallandi gólf

Svið (sem einnig má nota má til minni leiksýninga)

Sýningartjald

Sýningarklefi

Aðstaða fyrir hljóð og stjórn lýsingar

Aðstaða fyrir Túlka

Áhalda og tækjageymsla

5) Vinnuaðstaða kennara (50 starfsmenn) 300m²

Setu/lesstofa kennara **150 m²**

Hópvinnuherbergi kennara 5x20m² = **100 m²**

6) Almennar kennslustofur: $6 \times 60\text{m}^2 = 360\text{m}^2$

Sérstofur.

7) Eðlisfræðistofa með sérstaka áherslu á jarðeðlisfræði og orkunýtingu **100m²**
(80m² til kennslu og 2x10m² geymsluaðstaða)

8) Raungreinastofa með sérstaka áherslu á líffræði og tilraunir. **100m²**
(80m² til kennslu og 2x10m² geymsluaðstaða)

9) Veiðarfæradeild: ca **120m²**

Þarf að vera á jarðhæð. Skiptast í kennsluaðstöðu bóknáms (20nem) og kennsluaðstöðu verknáms. Þarf að gera ráð fyrir lager og góðu gólfplássi fyrir stærri veiðarfæri og tæki. Þarf að vera skrifstofa aðliggjandi fyrir tvo til þrjá, sem einnig nýtist til fjarkennslu. Æskileg lofthæð 3-4m

10) Teiknistofa: **80m²**

11) Aðstaða fyrir listgreinar **200 m²**

Vaskur

Geymsla/lager

12) Kennslurými fyrir málmiðngreinar **60m²**

13) Kennslurými fyrir rafiðngreinar **60m²**

Lager (geymsla) v/ verknáms **100m²**

14) Kennslurými fyrir háriðnir **60m²**

15) Geymslur og verkstæði húsvarða: **80m²**

Samtals um 3260m²